

Fundargerð 47. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 5. nóvember 2018, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945 í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásgeir Eiríksson (formaður), Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Sigurgestur Guðlaugsson, Berglind Kristinsdóttir og Árni Sigfússon

Forföll boðaði: Kristín Vala Matthíasdóttir

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Þuríður Halldóra Aradóttir og Eypór Sæmundsson

1. Nýr verkefnastjóri

Daníel Einarsson hefur verið ráðinn verkefnastjóri Reykjanes Geopark og mun hann taka til starfa á næstu vikum. Daníel er boðinn velkominn til starfa og væntir stjórnin góðs af samstarfi við hann.

2. Ákvörðun um árgjald 2019

Tillaga að árgjaldi fyrir árið 2019 lögð fram. Samþykkt samhljóða.

Ferðamálasamtök Suðurnesja óska eftir því að þau verði undanþegin greiðslum í rekstrar- og framkvæmdasjóð á árinu 2019. Samþykkt samhljóða.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2019

Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun 2019 lögð fram. Samþykkt samhljóða. Fimm megin áherslur í starfi Reykjanes Geopark á árinu verða:

- Vinna haldi áfram við endurnýjun aðildar að UNESCO Global Geopark
- Gengið verði frá samningi við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið um fjármögnun
- Virku samstarfi verði komið á við leik-, grunn- og framhaldsskóla
- Áfram verði unnið að þróun Veraldar vættanna
- Vinna hefjist við gerð stjórnunaráætlunar fyrir Reykjanes Geopark

4. Þjónustumiðstöð við Reykjanesvita

Rætt um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar við Reykjanesvita. Formanni og verkefnastjóra falið að halda áfram viðræðum við Reykjanes Aurora og Reykjanesbæ um uppbyggingu á svæðinu.

5. Stuðningur ríkisins

Formaður hefur rætt við þingmenn kjördæmisins um að Reykjanes Geopark fái sambærilegan samning og Katla Geopark fékk við ríkið árið 2017. Formaður og forstöðumaður Markaðsstofu Reykjanes funduðu með starfsfólki ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytisins í liðinni viku vegna sama máls. Formaður hefur jafnframt óskað eftir fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.

Fundargerð ritaði: ESJ